

## Yfirlit yfir upplýsingaspjöld

### Áhættumat og viðbrögð við hótunum og ofbeldi í skólum

Vinnuumhverfisnefnd Kennarasambands Íslands hefur þýtt og staðfært eftirfarandi efni frá Branchefællesskaber for Arbejdsmiljø (BFA) í Danmörku. Hér á eftir fara sex upplýsingaspjöld sem ætluð eru til að færa rök fyrir nauðsyn þess að efla öryggismenningu í skólum, draga úr áhættuþáttum eins og ofbeldi og upplýsa um helstu hugtök. Rannsóknir á Norðulöndum sýna að hótanir og ofbeldi gegn kennurum (bæði andlegt og líkamlegt) í skólum er vaxandi vandamál og við því þarf að bregðast. Gott er að miðla þessum upplýsingum til starfsmanna skólans.

#### Upplýsingar á spjöldum

1. Sérfræðingar segja
2. Lög og reglugerðir
3. Stjórnendur og öryggistrúnaðarmenn ásamt félagslegum trúnaðarmönnum
4. Hvað er ofbeldi?
5. Inngrip
6. Atvik - tilkynningar



## 1. Sérfræðingar segja

...að hótanir og ofbeldi komi öllum við, máli skiptir að forvarnir séu unnar í samvinnu við sem flesta í skólanum.

...að þar sem forvarnir, umræður og viðbragðsáætlun vegna hótana og ofbeldis eru hluti skólastarfs hefur dregið úr fjarveru vegna veikinda og öryggi og velferð allra hefur aukist.

...að í þeim skólum þar sem forvarnir og opinskárar umræður eru hluti daglegs starfs hefur ofbeldi minnkað og hótunum fækkað til muna.

...að KÍ berist símtal að minnsta kosti vikulega frá félagsmanni sem kvartar undan ofbeldi. Við þessu er vinnumhverfisnefnd KÍ að bregðast með þessu efni.

## 2.Í lögum og reglugerðum stendur að stjórnend-um/ur

...beri að gera **sálfélagslegt áhættumat** sem er skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum. Leiðbeiningar um gerð **áhættumats** má finna á vef [Vinnueftirlitsins](#).

...skuli fylgja eigin áhættumati og vinna að því að draga úr hættu á að ofbeldisfullar aðstæður skapist.

...beri skylda til að láta hótanir og/eða ofbeldi á vinnustað ekki viðgangast og gera öllum sem starfa í skólum (einnig nemendum og foreldrum/forráðamönnum) ljóst með skýrum hætti að slík hegðun sé óheimil og að við henni verði brugðist.

Sjá frekar:

[Lög um hollustuhætti 46/1980](#)

[Reglugerð um aðgerðir gegn ofbeldi 1009/2015](#)



### 3. Stjórnendur

...bera mesta ábyrgð á velferð á vinnustað auk öryggisnefndar, öryggistrúnaðarmanns eða annarra sem sinna vinnuverndarstörfum.

...verða að koma í veg fyrir og takast á við ofbeldi og hótanir. Skapa þarf gott vinnuumhverfi fyrir alla sem starfa í skólanum og tengjast honum.

...þurfa að einbeita sér að því að bæta vinnuumhverfi með forvörnum og umræðu um hættuna á ofbeldi og hótunum. Starfsfólk skóla er upptekið við störf sín og jafnvel ómeðvitað um kringumstæður sem geta leitt til ofbeldis og hótana.

...þurfa að tryggja að allt starfsfólk átti sig á mikilvægi atvikaskráningar og að hún sé vinnuumhverfi til bóta. Mikilvægt er að tryggja að verklag sé fyrir hendi, aðgengi að skráningareyðublöðum sé auðvelt og að upplýsingastreymi og umræður séu stöðugar.

...þurfa að tryggja að starfsfólk þekki viðbragðsáætlanir við ofbeldi og hótunum.

## 4. Hvað er ofbeldi?

Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis. (*Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi nr. 1009/2015*)

**Líkamlegt ofbeldi** er árás á líkamann, t.d. með því að hlaupa á, taka kyrkingartaki, stinga með hnífi, blýanti eða einhverju oddhvössu, sparka, slá, hrinda, hindra för, halda fast, kasta hlutum í, klípa, bíta, klóra eða hrækja á.

**Andlegt ofbeldi** er hótanir um ofbeldi og önnur móðgandi hegðun, s.s. hótanir gegn lífi og limum, hótanir um skemmdarverk á vinnustað eða eigum, hótanir gegn fjölskyldu eða vinum starfsfólks. Hægt er að setja fram hótanir án orða, t.d. með krepptum hnefa, með því að draga fingur yfir háls, eða með teikningum. Einnig eru ofbeldishótanir sem sendar eru með smáskilaboðum, tölvupósti og samskiptamiðlum andlegt ofbeldi.

Æskilegt er að starfsfólk skóla ræði **hvað er ofbeldi**, setji það fram skriflega og þekki sín mörk. Við erum öll ólík og þolum mismikið. Stjórnendur þurfa ásamt starfsfólki að skilgreina hvenær um ofbeldi er að ræða.



## 5. Inngrip

Grípa þarf inn í þar sem ógn starfar af barni; bæði því sjálfu og öðrum börnum. Mikilvægt er að forða börnum frá einstaklingnum. A.m.k. tveir kennarar þurfa að vinna saman að því, annar er hjá barninu og hinn forðar hópnum.

Stjórnendur og kennarar þurfa að ákveða hvort beita eigi líkamlegu inngripi við ákveðnar aðstæður. Fá þarf leyfi foreldra. **Líkamlegt inngrip er neyðarúrræði.** Aðeins kennari með sérþekkingu á líkamlegu inngripi má beita því. Tafarlaust skal látið af inngripi um leið og hættu hefur verið afstýrt eða ástand er liðið hjá. Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um að líkamlegu inngripi er beitt við ákveðnar mjög alvarlegar aðstæður.

Nauðsynlegt er að hafa skriflega **viðbragðsáætlun** um hvenær og hvernig beita eigi líkamlegu inngripi. Viðbragðsáætlanir skóla skulu vera byggðar á fyrirbyggjandi aðgerðum, viðbrögðum við óvæntri hættu og eftirfylgni. Viðbragðsáætlanir skulu ekki aðeins kynntar starfsfólki heldur einnig foreldrum og nemendum.

**Atvikaskráning** er nauðsynleg. Samkvæmt reglugerðinni skal atvikaskráning fela í sér (1) lýsingu á aðdraganda, (2) lýsingu á atburðinum sjálfum og (3) mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleysi. Æskilegt er að skrá atvik í **trúnaðarbók** vegna viðkvæmra persónulegra upplýsinga. Atvik má skrá án persónulegra upplýsinga svo læra megi af þeim. Eyðublöð fyrir atvikskráningu fylgja sniðmáti vegna ofbeldis.

Frekari upplýsingar: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/17942> og útskýringar Sambands íslenskra sveitarfélaga á reglugerðinni: <https://www.samband.is/media/grunnskoli/Leidbeiningar-um-13--gr--rglg-nr-1040-2011.pdf>



## 6. Atvik – tilkynningar

Ef starfsmaður finnur fyrir eymslum eða hefur andlega eða líkamlega áverka eftir ofbeldisatvik er mikilvægt að

- Fylgja [viðbragðsáætlun KÍ vegna vinnuslysa](#)
- hann fari á heilsugæslu og fái **áverkavottorð**.
- stjórnandi eða öryggistrúnaðarmaður tilkynni vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins.
  - Allar upplýsingar má finna á slóðinni:  
<https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/oryggi/vinnuslys/>
- stjórnandi eða öryggistrúnaðarmaður tilkynni vinnuslys til Sjúkratrygginga Íslands.
  - Mikilvægt ef líkur eru á að líkamlegt ástand eða stoðkerfi versni eftir einhvern tíma eins og stundum gerist eftir hnykk eða hnjask.
  - Allar upplýsingar má finna á slóðinni: <https://www.sjukra.is/slys/slysatryggingar/til-hvada-slysa-taka-tryggingarnar/vinnuslys/>
- Huga þarf að **andlegum** jafnt sem líkamlegum áverkum. Ef starfsmanni er mjög brugðið eða hann finnur fyrir auknu álagi/kvíða vegna atviks þarf hann að greina strax frá því.
- Andlegt ofbeldi hefur jafn slæmar afleiðingar og líkamlegt.
- Starfsmaður ætti að tilkynna andlega áverka til Vinnueftirlitsins og fá áverkavottorð hjá lækni.

- Stjórnendur geta boðið viðkomandi upp á faghandleiðslu/sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu.

